

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018, Heiðarholt, Sólberg, Veigastaðir og Hallland, Svalbarðsstrandarhreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 13. júlí 2007 fallist á breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018, frá 14. október 2002.

Breytingin felst í því að landbúnaðarsvæði og að hluta frístundabyggðarsvæði á jörðunum Heiðarholti, Sólbergi, Veigastöðum og Halllandi breytast í íbúðarsvæði og eitt frístundabyggðarsvæði og við þetta fjölga íbúðarsvæðum í sveitarfélaginu úr fjórum í átta og eldri svæði stækka.

1. Í landi Heiðarholts er nýtt íbúðarsvæði ofan Þjóðveggar.
2. Í landi Sólbergs stækkar svæðið neðan Þjóðveggar.
3. Í landi Veigastaða/Halllands er nýtt svæði ofan Veigastaðavegar.
4. Í landi Veigastaða er nýtt svæði ofan og neðan Vaðlaheiðarveggar auk þess sem svæði ofan og neðan Veigastaðavegar stækkar, frístundabyggðarsvæðið (Kotabyggð) minnkar og nýtt frístundabyggðarsvæði ofan Vaðlaheiðarveggar.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og verið auglýst samkvæmt fyrirmælum 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga. Ráðherra hefur borist umsögn Skipulagsstofnunar varðandi breytinguna þar sem mælt er með því að á hana verði fallist.

Umhverfissráðuneytinu, 13. júlí 2007.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 16. júlí 2007